

Norrænt samstarf í brennidepli

[Menntamálaráðherra](#) tók þátt í 59. þingi [Norðurlandaráðs](#) sem haldið var í Ósló dagana 30. október til 1. nóvember. Eins og vænta má var dagskrá ráðherra þéttskipuð enda menntun, vísindi og menning mikilvægir málaflokkar í norrænu samstarfi.

Í tengslum við þingið var venju samkvæmt haldinn fundur [Norrænu ráðherranefndarinnar](#) um menntun og rannsóknir. Meðal þess sem rætt var á fundinum í Ósló var aðkoma mennta- og vísindaráðherranna að sameiginlegu átaki Norðurlanda til að mæta áskorunum hnattvæðingarinnar. Af öðrum mikilvægum málum má nefna umræður um skýrslu sem lögð var fram og fjallaði um möguleika Norðurlandanna á sviði loftslagsrannsókna á norðurslóðum, framtíðarsamstarf á sviði menntunar á Norðurlöndum og auknið samstarf við Eystrasaltsríkin á sviði menntunar og vísinda.

Á síðasta degi þings Norðurlandaráðs var menntamálaráðherra með framsögu í norska [Stórþinginu](#). Þar gerði hún fyrir hönd Norrænu ráðherranefndarinnar grein fyrir stöðu mála varðandi hina svokölluðu e-Science áætlun sem fjallar um eflingu innviða menntunar og tæknikunnáttu á sviði upplýsingatækni með það að markmiði að efla rannsóknir á mismunandi fagsviðum. Athygli vakti að ráðherra flutti ræðuna á íslensku við góðar undirtektir enda full ástæða til að láta tungu okkar þjóðar hljóma í sölu norrænna þingmanna.

Fimmtudaginn 8. nóvember flytur menntamálaráðherra, fyrir hönd norrænna menntamálaráðherra, ávarp á ráðstefnu sem haldin er í Kaupmannahöfn í tilefni nýrrar [Nordplus](#) rammaáætlunar sem hleypt verður af stokkunum um áramót. Eystrasaltsríkin munu nú í fyrsta sinn taka þátt í Nordplus jafnfætis Norðurlöndum og er vissulega um tímamót að ræða í samstarfi þessara þjóða.

Aðalráðstefna UNESCO

[34. aðalráðstefna UNESCO](#) var haldin í París dagana 16. október til 2. nóvember síðastliðinn. Meginmál ráðstefnunnar var að fjalla um og samþykkja nýja 6 ára áætlun fyrir stofnunina svo og verkefna- og fjárhagsáætlun fyrir tvíærið 2008-2009. Regluleg fjárlög stofnunarinnar fyrir þetta tvíæri verða 631 milljón dollara. Framlag Íslands nemur 0.037%.

[Menntamálaráðherra](#) ávarpaði ráðstefnufulltrúa þann 20. október. Í ræðu sinni lagði ráðherra áherslu á mikilvægi [UNESCO](#) til að leysa hin mörgu verkefni sem aukin hnattvæðing og tæknibreytingar hafa í för með sér. Greindi ráðherra frá því hvernig almenn lestrarkunnátta og góð grunnmenntun hafi fleygt íslensku þjóðinni úr fábreyttu samfélagi í fremstu röð velferðarþjóðfélaga á minna en einni öld. Lagði ráðherra áherslu á mikilvægi þess að stjórnvöld fjárfestu í menntun og rannsóknum til að styrkja undirstöðu og innviði samfélagsins. Lýsti ráðherra áhyggjum sínum hversu hægt gengi að ná Dakar-markmiðunum um menntun fyrir alla fyrir árið 2015. „Menntun er mannréttindi og engan má svipta þessum grundvallarrétti“ sagði ráðherra og undirstrikaði að alþjóðasamfélagið hafi falið UNESCO forystu á sviði menntamála. Ráðherrann vék einnig að mikilvægi vatnsins fyrir lífið á jörðinni og hvatti til þess að UNESCO efdi enn frekar starf sitt á þessum vettvangi ásamt því að huga enn frekar að endurnýjanlegum orkugjöfum. Ekki síst lagði ráðherrann áherslu á mikilvægi tungumála í menningarlegri fjölbreytni og fagnaði því að UNESCO ynni að sérstöku þverfaglegu verkefni um tungumál.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir ávarpar 34. aðalráðstefnu UNESCO.

Föstudaginn 19. október tók menntamálaráðherra þátt í hringborðsumræðum á fundi menntamálaráðherra þar sem tengsl menntunar og efnahagslegra framfara voru til

umræðu. Þá átti hún fund með [Koichiro Matsuura](#) aðalframkvæmdastjóra UNESCO þar sem meðal annars voru ræddar tilnefningar Íslands á [heimsmínjaskrá UNESCO](#).

Nefndarmenn í [íslensku UNESCO-nefndinni](#) sóttu fundi á sínu fræðasviði: fjölmiðla-, menningar-, mennta- og vísindamálum og fulltrúinn í nefndinni um málefni ungs fólks sótti ungmennáþing sem haldið var dagana á undan aðalráðstefnunni. Á næstunni mun íslenska UNESCO-nefndin bjóða til upplýsingarfundar til að greina frá aðalráðstefnunni og verkefnum UNESCO næstu árin.

Niðurstöður SAFT-könnunar

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamálaráðherra ávarpaði](#) föstudaginn 2. nóvember fund sem haldinn var til að kynna niðurstöður nýrrar SAFT könnunar. Fulltrúar [Heimilis og skóla](#) sem rekur [SAFT](#) verkefnið og [Capacent](#) sem framkvæmdi könnunina kynntu helstu niðurstöður könnunarinnar.

Eitt af stærstu viðfangsefnum SAFT verkefnisins er að kortleggja notkun barna og unglinga á Netinu og öðrum skyldum miðlum. Árið 2003 var framkvæmd yfirgripsmikil könnun á netnotkun íslenskra barna og unglinga á aldrinum 9-16 ára. Sambærileg könnun var framkvæmd aftur í byrjun árs 2007. Megin áherslan var áfram á netnotkun barna og unglinga á aldrinum 9-16 ára, að viðbættum sérstökum köflum um farsíma- og tölvuleikjanotkun. Líkt og áður voru lagðar spurningar fyrir bæði börn og foreldra.

Meðal niðurstaðna má nefna:

- Meðalaldur netnotenda fer lækandi, úr 8,7 í 7,7 á milli ára
- Í 11% tilvika sem barn hittir netvin í eigin persónu, sem segist vera jafnaldri, reyndist hann vera fullorðinn
- Um 32% foreldra hafa engar áhyggjur af netnotkun barna sinna
- Foreldrar telja barn sitt þekkja betur í dag hvernig á að verja einkalíf sitt á Netinu og hvað eigi til bragðs að taka ef það rekst á efni á Netinu sem kemur illa við það

Niðurstöður könnunarinnar benda til þess að SAFT verkefnið sé að skila mjög góðum árangri. Marktæk aukning er á því að foreldrar staðsetji tölvurnar í opnum rýmum. Foreldrar telja sig nú frekar hæfari notendur og eru mun

líklegri til þess að ræða við börn sín um Netíð og ábyrga notkun þess. Þá bendir margt til þess að börnin sjálf séu að tileinka sér ábyrga umgengnishætti á Netinu.

Hægt er að nálgast niðurstöður [foreldrakönnunar](#) og [barnakönnunar](#) á vef SAFT.

Úthlutun Menningarráðs Norðurlands vestra

Styrkjum [Menningarráðs Norðurlands vestra](#) var úthlutað á [Hólum í Hjaltaðal](#) 26. október síðastliðinn. Er þetta í fyrsta sinn sem slíkir styrkir eru veittir frá því að [menningar-samningur menntamálaráðuneytis](#) og [samgönguráðuneytis](#) við sveitarfélögin tók gildi síðastliðið vor. Menningarráð skipað fimm fulltrúum hefur það verk með höndum að úthluta styrkjum. Í þetta sinn var alls úthlutað 17.650 þús. kr.



Styrkhafar. Ljósmynd Pétur Jónsson

Hæstu styrkirnir námu 1 milljón kr. og fóru þeir til eftirtalinnna verkefna:

- Áhugahópur um stytta af ferjumanninum, gerð bronsstytta af Jóni Ósmann
- [Gauksmýri](#) ehf., Hrafnþing, uppsetning safns og sýningar um íslenska hrafninn
- [Grettistak](#) ses., útgáfa bókar með myndum Halldórs Péturssonar úr Grettissögu
- [Héraðsskjalasafn Skagfirðinga](#), gerð stafræns ljósmyndasafns
- [Karlakórinn Heimir](#), dagskrá um Stefán Íslandi
- Ópera Skagafjarðar, La traviata, tónleikar, upptaka og myndband
- Spákonuafur Skagaströnd, gerð leikþátta um Þórdísi spákonu o.fl.
- Textílfetur Íslands Blönduósi, norrænt textílfélag og textíllistasýning

